



## A 1697/kultur

Flytjandi:  
Flokkahópur miðjumanna

Afgreiðsla:  
Norræna þekkingar- og  
menningarnefndin

Málsnúmer: 16-00283-1

## Þingmannatillaga um norrænt samstarf um aukið aðgengi að heyrnarfræðingum

### Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að efla menntun heyrnarfræðinga;

að beita sér fyrir því að fagleg menntun og réttindi heyrnarfræðinga verði viðurkennd hvarvetna á Norðurlöndum.

### Forsaga

Meðalaldur á Norðurlöndum fer hækkandi. Heyrnarskerðing fylgir oft háum aldri. Þannig getum við áætlað að fólki með skerta heyrn muni fjölga. Sjötti hver Svíi á aldrinum 16– 84 ára finnur fyrir heyrnarskerðingu.

Við erum duglegri að hlífa eyrunum í vinnunni en þegar við eigum frí. Eyrnasuð (tinnitus) er algengt hjá ungu fólki sem hlustað hefur á háværa tónlist í heyrnartólum eða á tónleikum.

Elliglöpum fylgir dvínandi minni, einkum langtímaminni. Alþjóðlegar og sænskar rannsóknir sýna greinileg tengsl á milli heyrnarskerðingar og elliglapa enda hefur heyrnarleysi áhrif á minni fólks.

Í heilbrigðismálum er hagkvæmt og mikilvægt að gera eins mörgum og hægt er, óháð aldri, kleift að leita sér faglegrar hjálpar við heyrnarskerðingu. En til þess að geta fengið hjálp er þörf á menntuðu fólki sem veitir umrædda hjálp – einkum heyrnarfræðingum.

Hlutverk heyrnarfræðinga er að finna tæknilegar lausnir og veita einstaklingum ábendingar um ráð við heyrnarskerðingu. Heyrnarfræðingar gera heyrnargreiningu, prófa hjálpartæki og kanna hvernig hægt er að fyrirbyggja heyrnarskaða, t.d. á vinnustöðum eða opinberum stöðum. Ekki síst í leikskólum er mikill hávaði sem hefur áhrif á starfsfólkið og börnin.

Þörf er á fleiri heyrnarfræðingum. Fleiri þarf að mennta til að mæta þörfinni og koma í veg fyrir að sjúklingarnir þurfi að bíða of lengi. Starfsréttindi heyrnarfræðinga ber einnig að viðurkenna hvarvetna á Norðurlöndum.

Helsinki, 14. október 2016

*Anna-Maja Henriksson (sv)*  
*Arto Pirttilahti (cent)*  
*Britt Lundberg (ÅC)*  
*Eva Kjer Hansen (V)*  
*Hanna Kosonen (cent)*  
*Jan Lindholm (MP)*  
*Jenis av Rana (Mfl.)*  
*Johanna Karimäki (gröna)*  
*Katri Kulmuni (cent)*

*Krista Mikkonen (gröna)*  
*Lars Tysklind (L)*  
*Mikael Staffas (Lib)*  
*Mikko Kärnä (cent)*  
*Penilla Gunther (KD)*  
*Rigmor Andersen Eide (KrF)*  
*Ruth Vang (Framsókn)*  
*Staffan Danielsson (C)*  
*Tillie Martinussen (D)*

Norðurlandaráð

**A 1697/kultur**

Flytjandi:  
Flokkahópur miðjumanna

Afgreiðsla:  
Norræna þekkingar- og  
menningarnefndin

Málsnúmer: 16-00283-1